

# Leiðsögn um töfraheima Hörpu



**Leyfðu gestum þínum að njóta íslenskra tóna og kynnast um leið töfrum Hörpu**

Frá opnun Hörpu fyrir átta árum hefur hún stimplað sig rækilega inn sem eitt helsta kennileiti Reykjavíkur og er nú einn af þremur vinsælustu áfangastöðum ferðafólks í borginni, ásamt Hallgrímskirkju og Perlunni.

Við kynnum tvær nýjar skoðunarferðir, með leiðsögn, sem veita dýpri innsýn í listrænar hliðar hússins. Þar gefst gestum kostur á að hlýða á íslenska tónlist og njóta til fulls stórfenglegs hljómburðar Hörpu.



## Leiðsögn með lifandi tónlist

Gestir fræðast um magnaðan arkitektúr og hljómburð hússins og kynnast um leið íslenskri tónlistarsögu, allt frá tvisöng til nútímatóna. Tónleikarnir fara fram í Austurhliðinni, sem skartar stórfenglegu útsýni.


3.500 kr. 60 mín.



## Leiðsögn með söng

Leiðsögn um húsið er fléttað við tónlist, með áherslu á hljómburð Hörpu. Elsa Waage, óperusöngkona, syngur íslenskar perlur á völdum stöðum og gefur gestum upplifun af hljómburði á heimsmælikvarða.

3.000 kr. 45 mín.



## Leiðsögn um Hörpu

Hefðbundna skoðunarferðin okkar stendur alltaf fyrir sínu. Leiðsögn um salina, fjallað um einstaka hönnun, glerhjúp Ólafs Elíassonar og allt það sem gerir Hörpu að því heimspekkta listaverki sem hún er.

2.750 kr. 45–60 mín.

### Við minnum einnig á



**How To Become Icelandic in 60 min.**  
Nokkrar sýningar í hverri viku



**Icelandic Sagas — The Greatest Hits**  
Nokkrar sýningar í hverri viku




**Múlinn Jazzklúbbur — Vikulega**  
Allt árið um kring í Björtuloftum



**Sígildir sunnudagar — Tónleikaröð**  
Valda sunnudaga kl. 16:00



**Sinfóníuhljómsveit Íslands**  
Reglulegir tónleikar í Eldborg



**Iceland in a Box — A visual Tour**  
Á 30 mín. fresti frá kl. 10:30–17:30

**Hafðu samband**

Martin L. Sörensen  
Aðstoðarmiðasölustjóri

+354 528 5019  
+354 824 4699

tours@harpa.is